

# Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

## 5. október 2023

Mætt voru, sem ný stjórn: Bára Tómasdóttir, Diljá Marín Jónsdóttir, Erna Elvarsdóttir, Hildur Jónsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Ríkharður, Sigrún Bára Gautadóttir og Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir.

Fundur fór fram í Heiðarskóla.

Fundur settur kl. 17:00.

Sigurbjörg Anna bauð sig fram sem formann, Sigrún Bára bauð sig fram sem ritara og Fanney Rún bauð sig fram sem gjaldkera og samþykktu allir fundarmenn það.

Bára Tómasdóttir er áheyrnarfulltrúi leikskólans og Hildur er áheyrnarfulltrúi grunnskólans.

Sunna Rós Svansdóttir, fyrrverandi formaður foreldrafélagsins sat með nýju stjórninni og fór yfir sl. skólaár og kom með ráð fyrir nýju stjórnina.

Rætt var um og samþykkt að gjaldið í foreldrafélagið skyldi hækkað úr 3500 kr upp í 5000 kr per fjölskyldu.

Umræður og aðrar hugmyndir komu svo til tals um starf foreldrafélagsins þetta skólaárið og voru það t.a.m að búa til sáttmála foreldra í Hvalfjarðarsveit, leiðir til að draga úr símanotkun ungmenna bæði á skólatíma sem og í félagsmiðstöð og Facebook grúbbur sem geta verið nytsamlegar foreldrum og forráðamönnum barna í skólunum.

Nýr fundardagur var ákveðinn, 9. nóvember kl. 16:30, í Skýjaborg.

Fundi slitið kl. 18:30.

Fundargerð ritaði Sigrún Bára.